

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum – hesthúsahverfi, Hafnarfirði.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 10.420 á hverja stíu samkvæmt samþykktri byggingarnefndar-teikningu hesthússins.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar 17. desember 2010, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Hafnarfirði, 21. desember 2010.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, staðgengill bæjarstjóra.